

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. Ammann 1 Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	8.7.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Ammann 1	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Ársyfirlit 2020 og umhverfisupplýsingar 2020 hafa ekki borist.

Tvær ábendingar voru gerðar er varða skil á gögnum um olúgeyma sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni og eins var bent á að senda Umhverfisstofnun uppfærðar áætlanir sem skulu liggja fyrir í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

- Farið yfir kröfur í starfsleyfi:
 - áætlanir, mælingar, skýrslur (og gagnaskil), tilkynningar og skráningar rekstraraðila
- Staða frávik og ábendinga
- Oliugeymar / bikgeymar í notkun, kröfur til oliugeyma
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun verksmiðjunnar og lóð

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum færanlegu malbikunarstöðvarinnar Ammann 1 sem staðsett er á leigulóð við Kollaleiru 25 á Reyðarfirði.

Á fundinum voru Harpa Þrastardóttir ásamt tveimur starfsmönnum stöðvarinnar og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Færanlega Ammann 1 malbikunarstöðin er með nýtt starfsleyfi sem gefið var út í nafni Hlaðbæjar Colas hf. þann 10. desember sl. Í dag heitir fyrirtækið Colas Ísland hf. en kennitala þess er óbreytt. Norðurbik ehf. sem áður rak Ammann stöðvarnar hefur verið sameinað Colas Ísland hf.

Starfsleyfið er sambærilegt öðrum starfsleyfum fyrir færanlegar stöðvar.

- Í starfsleyfinu er gerð krafa um að fjórar skriflegar áætlanir.
 - Áætlun um ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning stöðvarinnar til þess að úrgangi, efnun, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og varðandi annan frágang (frágang vegna rekstrarstöðvunar).
 - Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og
 - Áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar í útblæstri.
 - Áætlun sem tekur á því hvernig hefta skal rykmengun frá starfsemi við óhagstæð veðurskilyrði. Rekstraraðili á þessar áætlanir en er að uppfæra þær og mun senda afrit af uppfærðum áætlunum til Umhverfisstofnunar nú í ágúst. Krafa er um árlega útblástursmælingu og rekstraraðili ætlar að hljóðmæla verksmiðjuna nú þegar hún er komin á þennan stað á Reyðarfirði. Niðurstöður mælinga munu berast til Umhverfisstofnunar nú í haust. Grænt bókhald vegna ársins 2020 hefur ekki borist til Umhverfisstofnunar. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi og reglugerð. Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert senda stofnuninni ársyfirlit mælinga og skráninga, sjá grein 4.5 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna 2020 fyrir Ammann 1 stöðina hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

- Í útblástursmælingu frá 2. ágúst 2019 sem gerð var í Ammann 1 stöðinni þegar hún var staðsett á Akureyri mældist ryk 539 mg/Nm³ og var því skráð frávik á stöðina á síðasta ári. Úrbætur voru gerðar og mælt aftur (stöðin enn á Akureyri) þann 10. júní 2020. Niðurstöður mælinga sýndu að ryk var innan losunarmarka (43,7 mg/Nm³) og því er frávikinu lokað. Nú er beðið eftir niðurstöðum mælinga ársins 2021 (stöðin á Reyðarfirði). Engin önnur eldri frávik eru til vegna stöðvarinnar.

- Farið var fram á að rekstraraðili uppfærði lista yfir neyslu-, húsa- og lausageyma sem tilheyra stöðinni og sendi afrit á Umhverfisstofnun.

4. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir malbikunarstöðvar voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.
5. Engin mengunaróhöpp hafa orðið vegna starfseminnar á Hjallaleiru og engar kvartanir vegna hennar borist til Umhverfisstofnunar. Vel er gengið um úrgang og spilliefni.
Bæta þarf árekstrarvarnir við olúgeyma sem eru í akstursleið vinnuvéla og bíla.
6. Við skoðun á aðstöðu rekstraraðila (Hjallalleira 25) voru skoðaðir olúgeymar og efnishaugar. Stöðin var í gangi þegar komið var í skoðun. Aðstaðan er snyrtileg og þökkalega rúmt um efnishauga. Öll umgengni var mjög snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda.


Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi	Ársyfirlilt 2020 fyrir stöðina hefur ekki borist Umhverfisstofnun.
ákvæði í grein 4.6 í starfsleyfi	Umhverfisupplýsingar fyrir 2020 hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að senda uppfærða skrá yfir olúgeyma (neyslu-, húsa- og lausageyma) í malbikunarstöðinni . Heilbrigðiseftirlit Austurlands fær afrit af gögnunum.
2. Rekstraraðila er bent á að senda uppfærðar áætlanir stöðvarinnar sem liggja skulu fyrir í stöðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.09.2021



Gottskálk Friðgeirsson

